



Reykjavík, 14. maí 2020

R20040125

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Kjalarnes - Nesvík - uppbygging á ferðaþjónustu - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 14. maí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. apríl 2020 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill benda á að þarna er verið að nema nýtt land og hvort borgarbúar vilji fórna þessu svæði undir hótél án umræðu. Borgin þarf að mynda sér almenna stefnu um hvernig framtíðarskipulag verður. Svona svæði eru takmörkuð auðlind. Sjávarlóðir sem snúa móti suðvestri eru ekki óendanlegar. Á öllum slíkum svæðum hefur einhvern tíma verið byggð og iðulega má þar rekja mannvistarþróun.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Reykjavíkurborg hefur myndað sér stefnu um framtíðarskipulag. Hún heitir Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Helga Björk Laxdal
e.u.